# Orkuveita Húsavíkur ohf.

Kt. 641195-2359,

Vallholtsvegi 3, 640 Húsavík.

## Ársreikningur 2012

## Efnisyfirlit

bls.


Skýrsla stjórnar ..... 2
Áritun óháðs endurskoðanda ..... 3
Rekstrarreikningur ..... 4
Efnahagsreikningur ..... 5 - 6
Sjóðstreymi ..... 7
Skýringar ..... 8 - 16

Aðrar upplýsingar:
Fimm ára yfirlit, lykilfjárhæðir og kennitölur ..... 17



**Orkuveita Húsavíkur ohf.,**
**Vallholtsvegur 3**
**640 Húsavík.**

**http://oh.is/**

# Skýrsla stjórnar og áritun á ársreikninginn

## Meginstarfsemi félagsins

Í samþykktum Orkuveitu Húsavíkur ohf. kemur fram að tilgangur félagsins sé orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

## Starfsemin á árinu 2012

Í upphafi ársins 2012 var ráðist í innleiðingu stefnu félagsins sem unnið var að á árinu 2011 og samþykkt á aðalfundi sama ár. Haldinn var hluthafafundur Orkuveitu Húsavíkur þann 2. janúar 2012 þar sem nýtt rekstrarform félagsins var samþykkt. Varð Orkuveitan þá opinbert hlutafélag í stað einkahlutafélags sem félagið hafði verið frá árinu 2005. Þá skrifuðu Orkuveitan og Norðurþing undir kaupsamning þess fyrrnefnda á vatnsveitum og fráveitum í Norðurþingi. Kjarnastarfsemi Orkuveitunnar varð þannig, frá og með árinu 2012 að telja, vinnsla og dreifing heits og kalts vatns auk fráveitu.

Á árinu gekk Orkuveitan frá samkomulagi við Landsvirkjun um kaup á 3,2% hlut í félaginu Þeistareykjum ehf. Þar með losaði Orkuveitan síðasta hlut sinn í félaginu.

Rekstrartekjur ársins námu 284,4 mkr. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir nam 158,8 mkr. en afskriftir námu 82,4 mkr. Rekstrarhagnaður nam 76,4 mkr. en fjármagnsliðir voru jákvæðir um 18,4 mkr. Hagnaður ársins eftir skatta nam 87,7 mkr.

Í árslok 2012 voru eignir félagsins bókfærðar á 2.893,8 mkr., skuldir námu 984,3 mkr. og eigið fé 1.909,5 mkr. og er eiginfjárhlutfall 66,0% en það var 62,2% í ársbyrjun.

## Framtíðaráform

Megintilgangur Orkuveitu Húsavíkur ohf. er sá að auka búsetugæði á svæðinu með starfsemi sinni. Kjarnastarfsemi og hlutverk félagsins er að veita íbúum og fyrirtækjum í Þingeyjarsýslum aðgang að heitu og köldu vatni, auk fráveitu.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður af hlutafé að þessu sinni og vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

## Eignarhald á félaginu

Sveitarfélagið Norðurþing er eigandi að öllu hlutafé í félaginu.

## Staðfesting ársreiknings

Stjórn Orkuveitu Húsavíkur ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins árið 2012 með áritun sinni.

Húsavík, 18. apríl 2013

**Í stjórn**

Gunnlaugur Stefánsson

Soffía Helgadóttir

Sigurgeir Höskuldsson

**Framkvæmdastjóri**

Guðbjörg Erla Jónsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa Orkuveitu Húsavíkur ohf.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

*Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra*
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

*Ábyrgð endurskoðenda*
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Húsavík, 18. apríl 2013

**PricewaterhouseCoopers ehf**

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi.

# Rekstrarreikningur ársins 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Orkusala | | 233.645.790 | 214.320.809 |
| Aðrar tekjur | | 50.891.452 | 10.498.673 |
| Sölutap | | (114.162) | 0 |
| | | 284.423.080 | 224.819.482 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 15 | 60.683.324 | 73.605.546 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 64.912.153 | 51.370.751 |
| | | 125.595.477 | 124.976.297 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir** | | 158.827.603 | 99.843.185 |
| Afskriftir | 4 | 82.433.676 | 42.580.064 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 76.393.927 | 57.263.121 |
| Hreinar fjármunatekjur | 3 | 18.413.986 | 775.663.302 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 94.807.913 | 832.926.423 |
| Tekjuskattur | 12 | (7.100.218) | (4.896.569) |
| **Hagnaður ársins** | | 87.707.695 | 828.029.854 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| Eignir | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 4 | | |
| Orkuveitumannvirki | | 1.130.232.430 | 486.932.548 |
| Fasteignir | | 99.841.957 | 82.412.861 |
| Tæki og búnaður | | 3.538.023 | 4.348.366 |
| | | 1.233.612.410 | 573.693.775 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutur í dótturfélagi | 5.1 | 22.916.942 | 0 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 5.1 | 23.310.978 | 218.542.846 |
| Skuldabréfaeign | 5.2 | 750.608.805 | 1.256.641.682 |
| Tekjuskattsinneign | 12 | 127.902.263 | 119.762.729 |
| | | 924.738.988 | 1.594.947.257 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 2.158.351.398 | 2.168.641.032 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 6 | 0 | 145.000 |
| Viðskiptakröfur | 7 | 22.870.249 | 20.576.553 |
| Krafa á tengdan aðila | 13 | 165.299.890 | 124.648.664 |
| Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 9.698.608 | 1.318.157 |
| Handbært fé | | 537.603.661 | 108.786.701 |
| | | 735.472.408 | 255.475.075 |
| **Eignir samtals** | | 2.893.823.806 | 2.424.116.107 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Hlutafé | | 604.247.000 | 307.000.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 81.992.654 | 76.750.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.223.235.314 | 1.123.624.888 |
| | | 1.909.474.968 | 1.507.374.888 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldbindingar: | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 9 | 94.021.754 | 90.766.843 |
| Langtímaskuldir: | 10 | | |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum | | 832.907.325 | 781.829.500 |
| Skuldir í íslenskum krónum | | 13.159.935 | 17.240.061 |
| | | 846.067.260 | 799.069.561 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 9.546.511 | 6.139.599 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 25.315.698 | 11.148.549 |
| Næsta árs afborganir af lífeyrisskuldbindingum | 9 | 6.903.000 | 6.592.000 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 10 | 2.494.615 | 3.024.667 |
| | | 44.259.824 | 26.904.815 |
| **Skuldir samtals** | | 984.348.838 | 916.741.219 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 2.893.823.806 | 2.424.116.107 |
| **Ábyrgðarskuldbindingar** | 11 | | |
| **Aðrar upplýsingar** | 15 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður ársins | | 87.707.695 | 828.029.854 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 4 | 82.433.676 | 42.580.064 |
| Sölutap (hagnaður) | 4 | 124.162 | (622.152.150) |
| Aðrir liðir | 14 | 18.066.351 | (88.044.832) |
| | | 188.331.884 | 160.412.936 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (10.674.147) | 592.344 |
| Birgðir | | 145.000 | 15.000 |
| (Lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 17.574.061 | (2.192.002) |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar | 9 | (7.133.063) | (15.004.189) |
| | | (88.149) | (16.588.847) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 188.243.735 | 143.824.089 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 4 | (742.626.473) | (64.381.158) |
| Sala eignarhluta | | 195.731.868 | 0 |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | 4 | 150.000 | 0 |
| Aðrar kröfur, breyting | | (40.651.226) | (124.648.664) |
| Fjárfesting í eignarhlutum í félögum | | (38.520.155) | (10.283.947) |
| Afborganir skuldabréfs | 5.2 | 574.740.592 | 0 |
| | | (51.175.394) | (199.313.769) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Hlutafjáraukning | 8 | 297.247.000 | 0 |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 3.505.135 |
| Afborganir langtímalána | | (5.498.381) | (91.688.952) |
| Skammtímalán, breyting | | 0 | (11.477.202) |
| | | 291.748.619 | (99.661.019) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 428.816.960 | (155.150.699) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 108.786.701 | 263.937.399 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 537.603.661 | 108.786.701 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Orkuveita Húsavíkur ohf. vinnur og framleiðir varma og kalt vatn ásamt dreifingu og sölu hvoru tveggja. Að auki sér félagið um uppbyggingu og rekstur fráveitukerfa ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins svo sem iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Félagið er hluti af samstæðu sveitarfélagsins Norðurþings.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo möt þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 2.2 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

### 2.3 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2013. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

### 2.4 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

### 2.5 Aðrar rekstrartekjur

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

### 2.6 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og á móti til á eignarhluta í félögum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

# Skýringar

## 2.7 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Veitumannvirki ........................................ | 4 - 10% |
| Fasteignir ........................................ | 3 - 6% |
| Vélar, tæki og búnaður ........................................ | 11 - 35% |

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skoðaðir með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef gangvirði eigna er lægra en bókfært verð þeirra. Gangvirði er það sem er hærra af áætluðu söluverðmæti eða notkunarverðmæti.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði (tapi).

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## 2.8 Fjárfestingar í eignarhlutum og öðrum verðbréfum

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum. Ef markaðurinn fyrir fjárfestingaverðbréf er ekki virkur ákvarðar félagið gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirði með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutir í dótturfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi dótturfélaga eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í dótturfélögum. Dótturfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 50 og 100% eignarhlut eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna er viðskiptavild. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi dótturfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað dótturfélaginu. Ekki er gerður samstæðureikningur vegna smæðar dótturfélagsins.

## 2.9 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði.

## 2.10 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

# Skýringar

## 2.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## 2.12 Hlutafé

Almennt hlutafé er flokkað sem eigið fé.

## 2.13 Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding félagsins, vegna fyrrverandi starfsmanna, hefur verið reiknuð miðað við tryggingafræðilegar forsendur og 2% vexti umfram hækkanir á verðlagi og er færð til skuldar í efnahagsreikningi miðað útreiknaða stöðu tryggingafræðings 31. desember 2012.

## 2.14 Tekjuskattsinneign

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

## 2.15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

# 3. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | Langtímaskuldir | Aðrir liðir | Samtals árið 2012 | Samtals árið 2011 |
|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur | 0 | 93.107.077 | 93.107.077 | 59.488.531 |
| Gengismunur | (51.077.825) | 5.022.091 | (46.055.734) | 22.073.604 |
| (Niðurfærsla)/Gangvirðisbreyting hlutabréfaeignar | 0 | (15.103.213) | (15.103.213) | 57.072.817 |
| Hagnaður af sölu eignarhluta í félögum | 0 | 0 | 0 | 622.152.150 |
| Höfuðstólslækkun langtímaskulda | 0 | 0 | 0 | 29.561.878 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | (13.420.009) | (114.135) | (13.534.144) | (14.685.678) |
| | (64.497.834) | 82.911.820 | 18.413.986 | 775.663.302 |

# Skýringar

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Veitu-mannvirki | Fast-eignir | Vélar, tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1/1 2012 | 2.158.481.998 | 154.416.675 | 27.470.604 | 2.340.369.277 |
| Uppsafnaðar afskriftir 1/1 2012 | (1.671.549.450) | (72.003.814) | (23.122.238) | (1.766.675.502) |
| Bókfært verð 1/1 2012 | 486.932.548 | 82.412.861 | 4.348.366 | 573.693.775 |
| Viðbætur á árinu | 720.078.498 | 22.547.975 | 0 | 742.626.473 |
| Fært út vegna sölu | 0 | 0 | (274.162) | (274.162) |
| Afskrifað á árinu | (76.778.616) | (5.118.879) | (536.181) | (82.433.676) |
| Bókfært verð 31/12 2012 | 1.130.232.430 | 99.841.957 | 3.538.023 | 1.233.612.410 |

Bókfært verð 31/12 2012 greinist þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 31/12 2012 | 2.878.560.496 | 176.964.650 | 24.728.987 | 3.080.254.133 |
| Uppsafnaðar afskriftir 31/12 2012 | (1.748.328.066) | (77.122.693) | (21.190.964) | (1.846.641.723) |
| Bókfært verð 31/12 2012 | 1.130.232.430 | 99.841.957 | 3.538.023 | 1.233.612.410 |

Í byrjun árs var undirritaður kaupsamningur um Vatns- og Fráveitu Norðurþings að fjárhæð 594 millj. kr. Kaupin hafa verið færð á meðal varanlegra rekstrarfjármuna.

Fasteignir félagsins greinast þannig í árslok 2012:

| | Fasteignamat húseigna | Fasteignamat lóða | Brunabóta-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Hveravellir, dæluhús og tengistöð | 2.338.000 | 0 | 15.785.000 | 0 |
| Hrísmóar 1, orkustöð | 63.510.000 | 6.067.000 | 234.550.000 | 55.097.153 |
| Hrísmóar 2, þurkklefi | 8.430.000 | 7.820.000 | 35.900.000 | 2.240.000 |
| Höfði 13, áhaldahús | 8.240.000 | 3.070.000 | 35.450.000 | 7.280.994 |
| Héðinsbraut, grasvöllur | 0 | 0 | 0 | 20.924.538 |
| Vallholtsvegur 3, skrifstofa | 4.010.000 | 1.180.000 | 18.200.000 | 14.299.272 |
| | 86.528.000 | 18.137.000 | 339.885.000 | 99.841.957 |

Ekki er komið fasteigna- og brunabótamat á fasteign við Héðinsbraut þar sem hún er í byggingu í árslok.

Fasteignir eru brunatryggðar fyrir 339,9 milljónir króna og efni og búnaður er bruna-, vatns- og innbrotsþjófnaðartryggður fyrir 225,6 milljónir króna. Veitumannvirki eru tryggð hjá Viðlagatryggingu Íslands gegn beinu tjóni af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða og nemur vátryggingarfjárhæðin 4.499,2 milljónum króna sem sundurliðast þannig:

| | Vátryggingar-fjárhæð |
|---|---|
| Vatnsveita | 738.915.000 |
| Hitaveita | 2.740.039.000 |
| Fráveita | 1.020.263.000 |
| | 4.499.217.000 |

# Skýringar

## 5. Fjárfestingar í félögum og öðrum verðbréfum

### 5.1 Eignarhlutir í félögum greinast á eftirfarandi hátt:

| | Eignarhlut-deild í % | Nafnverð í árslok | Bókfært verð í árslok |
|---|---|---|---|
| Eignarhlutur í dótturfélagi: | | | |
| Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hf. | 50,77% | 33.000.500 | 22.916.942 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum: | | | |
| Hrafnabjargavirkjun hf. | 18,75% | 1.875.000 | 1.875.000 |
| Sjóböð ehf. | 13,78% | 132.473 | 1.055.550 |
| Mýsköpun ehf. | 5,00% | 500.000 | 500.000 |
| Íslensk orka ehf | 25,51% | 43.422.438 | 48.164.522 |
| - óbein niðurfærsla hlutabréfa í Íslenskri orku ehf. | | | (28.284.093) |
| | | | 23.310.978 |
| Eignarhlutir í félögum samtals | | | 46.227.920 |

Á árunum 2001 og 2002 voru hlutabréf í Íslenskri orku ehf afskrifuð óbeinni afskrift með mótfærslu á rekstur vegna árangurslausra borana í Öxarfirði.

### 5.2 Skuldabréfaeign

| | |
|---|---|
| Greinist þannig: | |
| Í ÍKR, NVT + 3% vextir | 750.608.805 |
| Afborganir af skuldabréfaeign félagsins í árslok 2012 greinast þannig á næstu ár: | |
| Árin 2013 - 2018 | 0 |
| Árið 2019 og síðar | 750.608.805 |
| | 750.608.805 |

Á árinu 2010 seldi félagið 28,77% hlut í Þeistareykjum ehf. Hluti söluandvirðis eignarhlutans skv. kaupsamningi er háður því að orkuvinnsla hefjist innan tuttugu og fjögurra ára frá undirritun kaupsamnings og var sá hluti ekki færður til eignar í árslok 2010. Að mati félagsins höfðu forsendur breyst á árinu 2011 og var talið að skilyrði fyrir eignfærslu bréfsins hafi verið til staðar. Eignfærsla bréfsins á árinu 2011 hafði veruleg áhrif á rekstrar- og efnahagsreikning félagsins. Áhrif á hagnað fyrir tekjuskatt á árinu 2011 nam 697,2 mkr.

Á árinu 2012 náðu Orkuveita Húsavíkur og Landsvirkjun samkomulagi um yfirtöku og innlausn Landsvirkjunar á skuldabréfi Orkuveitu Húsavíkur, sem gefið var út af Landsvirkjun í tengslum við fyrri kaupsamning félaganna þann 29. september 2010, en skuldabréfið var upphaflega að fjárhæð USD 4.949.500. Samkomulag var gert um að Landsvirkjun greiddi Orkuveitu Húsavíkur í íslenskum krónum alls kr. 574.740.592.

## 6. Birgðir

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Birgðir eru metnar á kostnaðarverði, eru ótryggðar, og greinast þannig: | | |
| Ýmsar rekstrarvörur | 0 | 145.000 |

# Skýringar

## 7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 25.787.980 | 23.494.284 |
| - Niðurfærsla vegna tapsáhættu | (2.917.731) | (2.917.731) |
| | 22.870.249 | 20.576.553 |

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign veitunnar. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Breyting niðurfærslureikningsins greinist þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Staða 1. janúar 2012 | 2.917.731 | 3.020.717 |
| Endanlega afskrifaðar kröfur á árinu | 0 | (1.097.579) |
| Breyting afskriftareiknings á árinu | 0 | 994.593 |
| | 2.917.731 | 2.917.731 |

## 8. Eigið fé

### Hlutafé

Hlutafé félagsins skv. samþykktum þess er kr. 604.247.000 eftir hlutafjáraukningu á stofnári og hlutafjáraukningu ársins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut að nafnverði í félaginu.

### Lögbundinn varasjóður

Í lögbundinn varasjóð hefur verið lagt skv. ákvæðum í lögum um hlutafélög.

| **Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:** | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2012 | 307.000.000 | 76.750.000 | 1.123.624.888 | 1.507.374.888 |
| Leiðrétting 1. janúar 2012 | | | 17.145.385 | 17.145.385 |
| Hlutafjáraukning | 297.247.000 | | | 297.247.000 |
| Hagnaður ársins | | | 87.707.695 | 87.707.695 |
| Tillag í lögbundinn varasjóð | | 5.242.654 | (5.242.654) | 0 |
| Eigið fé 31. desember 2012 | 604.247.000 | 81.992.654 | 1.223.235.314 | 1.909.474.968 |

## 9. Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding félagsins, vegna fyrrverandi starfsmanna, hefur verið reiknuð miðað við tryggingafræðilegar forsendur og 2% vexti umfram hækkanir á verðlagi og er færð til skuldar í efnahagsreikningi miðað við útreiknaða stöðu tryggingafræðings 31. desember 2012.

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Staða 1. janúar 2012 | 97.358.843 | 80.485.518 |
| Greiddar lífeyrisskuldbindingar á árinu | (7.133.063) | (15.004.189) |
| Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindinga á árinu | 10.698.974 | 31.877.514 |
| | 100.924.754 | 97.358.843 |
| Skammtímahluti lífeyrisskuldbindinga | 6.903.000 | 6.592.000 |
| Langtímahluti lífeyrisskuldbindinga | 94.021.754 | 90.766.843 |
| | 100.924.754 | 97.358.843 |

# Skýringar

## 9. Lífeyrisskuldbindingar - frh.

Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Til greiðslu árin 2013 - 2017 | 19.918.327 |
| Til greiðslu árin 2018 - 2022 | 25.642.886 |
| Til greiðslu árin 2023 - 2027 | 31.132.189 |
| Til greiðslu árin 2028 og síðar | 24.231.352 |
| Lífeyrisskuldbindingar til greiðslu samtals | 100.924.754 |

## 10. Langtímaskuldir

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

| | |
|---|---|
| Í USD | 151.827.325 |
| Í EUR | 681.080.000 |
| | 832.907.325 |

Skuldir í íslenskum krónum:

| | |
|---|---|
| Verðtryggðar skuldir | 15.654.550 |
| Langtímaskuldir samtals | 848.561.875 |

Vegnir meðalvextir langtímalána í árslok voru 0,75%.

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2012 greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2013 | 2.494.615 |
| Árið 2014 | 1.253.327 |
| Árið 2015 | 1.253.327 |
| Árið 2016 | 1.253.327 |
| Árið 2017 | 1.253.327 |
| Síðar | 841.053.951 |
| | 848.561.875 |

Langtímaskuldir samtals kr. 848.561.875 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Afborganir á árinu 2013, færðar meðal skammtímaskulda | 2.494.615 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 846.067.260 |
| | 848.561.875 |

## 11. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Eignir félagsins sem veðsettar eru til tryggingar skuldum þess eru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fasteignir og veitur | 1.241.288 |

# Skýringar

## 12. Tekjuskattsinneign

Breyting tekjuskattsinneignarinnar á árinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsinneign í ársbyrjun | 119.762.729 |
| Leiðrétting 1/1 2012 | (4.286.346) |
| Tekjuskattur af rekstri ársins | (7.100.218) |
| Tekjuskattur til greiðslu 2013 vegna 2012 | 19.526.098 |
| Tekjuskattsinneign í árslok | 127.902.263 |

| Tekjuskattsinneign greinist þannig á eftirfarandi liði: | Staða 1/1 2012 | Staða 31/12 2012 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 111.273.038 | 102.722.455 |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur | 583.546 | 325.666 |
| Lífeyrisskuldbinding | 19.471.769 | 20.184.951 |
| Gengismunur | (12.207.198) | 4.669.191 |
| Yfirfæranlegt tap | 641.574 | 0 |
| | 119.762.729 | 127.902.263 |

Starfsemi vatnsveitu og fráveitu fellur hvorki undir ákvæði laga um tekjuskatt né laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Tekjur félagsins af vatnsveitu og fráveitu teljast því ekki skattskyldar og rekstrargjöld að meðtöldum afskriftum ekki frádráttarbær kostnaður við ákvörðun tekjuskatts.

## 13. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélög, hlutdeildarfélög, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| Viðskipti við tengda aðila árið 2012: | Keypt þjónusta / álögð gjöld | Seld þjónusta | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Norðurþing | 15.090.088 | 3.966.608 | 165.299.890 | 0 |

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipta við ótengda aðila.

Í byrjun árs var undirritaður kaupsamningur um Vatns- og Fráveitu Norðurþings að fjárhæð 594 millj. kr. Kaupin hafa verið færð á meðal varanlegra rekstrarfjármuna. Helmingur kaupverðsins var greiddur Norðurþingi en gefið var út nýtt hlutafé fyrir helmingi kaupverðsins.

## 14. Sjóðstreymi

| Aðrir liðir, samkvæmt sjóðstreymi, sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi, greinast þannig: | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum | 51.966.028 | 28.201.703 |
| Verðbætur og áfallnir vextir af skuldabréfaeign | (68.707.715) | (66.385.923) |
| Tekjuskattur/Skattinneign | (8.139.534) | 4.896.569 |
| Niðurfærsla (gangvirðisbreyting) hlutabréfaeignar | 15.103.213 | (57.072.817) |
| Hækkun á lífeyrisskuldbindingu | 10.698.974 | 31.877.514 |
| Höfuðstólslækkun langtímaskulda | 0 | (29.561.878) |
| Leiðrétting vegna fyrra árs færð á eigið fé | 17.145.385 | 0 |
| | 18.066.351 | (88.044.832) |

# Skýringar

## 15. Aðrar upplýsingar

### Starfsmannamál

| Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig: | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Laun | 41.716.670 | 34.039.329 |
| Launatengd gjöld | 11.833.591 | 7.688.703 |
| Hækkun lífeyrisskuldbindinga á árinu | 7.133.063 | 31.877.514 |
| | 60.683.324 | 73.605.546 |

Hjá félaginu störfuðu 8 starfsmenn í 6,3 stöðugildum. Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur. Laun stjórnar og stjórnanda námu um 12,8 mkr.

### Hlutafjárloforð

Hlutafjáraukning í Íslenskri Orku hf. að fjárhæð 30 mkr var samþykkt á aðalfundi félagsins í febrúar 2013. Hlutur Orkuveitu Húsavíkur ofh. í hlutafjáraukningunni nemur 7,6 mkr.

### Samningur við Global Geothermal Limited og Orkusöluna

Orkuveita Húsavíkur ohf. og Global Geothermal ltd. framlengdu á árinu samningi sínum varðandi endurbætur og viðgerð á Orkustöð í Hrísmóum, sem gerður var í lok ársins 2010. Töf varð á verkefninu og má þar helst nefna langan biðtíma eftir viðgerð á gír auk þess sem GGL hefur verið að auka umsvif sín á alþjóðamarkaði sem varð til þess að tefja áætlanir fyrirtækisins um viðgerð á stöðinni á Húsavík. Þá var það ákveðið að GGL myndi stofna íslenskt hlutafélag til að halda utan um starfsemina á Húsavík og var það gert á árinu. Áætlað er að hefja rekstur stöðvarinnar á þriðja ársfjórðungi 2013.

### Annað

Félagið hefur eignatryggingar eins og fram kemur í skýringu 4 auk frjálsra ábyrgðatrygginga.

# Fimm ára yfirlit, lykilfjárhæðir og kennitölur

Allar fjárhæðir á verðlagi hvers árs í þús. króna:

| | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kennitölur tengdar sjóðstreymi** | | | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri | 188.332 | 160.413 | 104.349 | 79.355 | 9.457 |
| Fjárfestingahreyfingar | (51.175) | (199.314) | 601.547 | 11.442 | (97.674) |
| **Rekstrarárangur** | | | | | |
| Rekstrartekjur samtals | 284.423 | 224.819 | 191.548 | 453.467 | 291.538 |
| Rekstrarhagnaður (tap) | 76.394 | 57.263 | (60.756) | 11.831 | 17.657 |
| Hagnaður (tap) ársins | 87.708 | 828.030 | 869.957 | (48.719) | (609.515) |
| **Ýmsar stærðir sem hlutfall af veltu (%)** | | | | | |
| Rekstrarhagnaður án söluhagnaðar (taps) fyrir afskriftir í % af tekjum (EBITDA) | 55,86% | 44,41% | 51,14% | 42,50% | 30,04% |
| Hagnaður (tap) ársins í % af tekjum | 30,84% | 368,31% | 454,17% | -10,74% | -209,07% |
| **Efnahagur og fjárhagslegur styrkleiki** | | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 16,62 | 12,58 | 3,89 | 0,63 | 0,15 |
| Eignir samtals, í þús. króna | 2.893.824 | 2.424.116 | 1.682.426 | 1.468.499 | 1.475.607 |
| Eigið fé, í þús. króna | 1.909.475 | 1.507.375 | 679.345 | (190.612) | (141.892) |
| Eiginfjárhlutfall | 65,98% | 62,18% | 40,38% | -12,98% | -9,62% |

| Aðrar upplýsingar miðað við árslok 2012: | Hitaveita | Vatnsveita | Fráveita |
|---|---|---|---|
| Íbúar á veitusvæði | 2232 | 2539 | 2539 |
| Veitur (mælitæki) | 1075 | 15 | |
| Uppsett afl | 43,9 MW | 300 l/s | |
| Lengd stofn- og aðveituæða | 49,5 km | 15 km | 28 km |
| Lengd dreifiæða | 34 km | 29 km | |